

1905046 Samgöngustyrkur, tillaga

Minnisblað vegna tilraunaverkefnis um samgöngustyrki

21. ágúst 2019

Til: Bæjarráðs

Frá: Mannauðsstjóra

Mannauðsstjóra var falið að koma með útfærslu tilraunaverkefnis vegna fyrirkomulags samgöngustyrkja til starfsmanna Hafnarfjarðar kaupstaðar, sem verður svo hægt að yfirfæra á alla starfsemi bæjarfélagsins.

Tillaga mannauðsstjóra:

Allar stofnanir geta lagt inn umsókn um þátttöku í tilraunaverkefninu og verður umsóknarfrestur til 1. nóvember nk. Dregið verður um 3 stofnanir þann 7. nóvember nk. og tilkynnt á stjórnendafundi þann 11. nóvember nk. hvaða stofnanir verða þátttakendur.

Tímabil tilraunaverkefnis: 1. janúar 2020 til 1. ágúst 2020.

Skilyrði fyrir þátttöku í tilraunaverkefninum yrðu eftirfarandi:

- Að starfsmaður ferðist að jafnaði ekki með einkabíl til og frá vinnu heldur notist við vistvænan samgöngumáta, reiðhjól eða ganga eða nýti almenningssamgöngur. Miðað er við að starfsmenn nýti vistvænan samgöngumáta í a.m.k. 80% tilvika að teknu tilliti til vikulegrar vinnuskyldu.
- Helmingur starfsmanna (50%) innan starfsstöðvar séu þátttakendur í verkefninu.
- Greiðsla verður 6.000 kr. á mánuði, á hvern starfsmann sem tekur þátt miðað við að starfsmaður sé í 50-100% starfshlutfalli. Starfsmenn í lægra starfshlutfalli en 50%, fái helming þeirrar upphæðar eða 3.000 kr. á mánuði.
- Samgöngusamningur er gerður við starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar sem ekki þiggja bílastyrk frá Hafnarfjarðarbæ og eru ráðnir í fast starfshlutfall á mánaðarlaunum.
- Styrkurinn er undanþeginn staðgreiðslu, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.
- Stjórnandi ber ábyrgð á því að gera samgöngusamninga við sitt starfsfólk og skila frumriti til launadeildar. Einnig skal stjórnandi tryggja að farið sé eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir greiðslum samkvæmt samningnum.